

Fimmtudaginn 29.mars 2007 var haldinn stjórnarfundur kl: 18.30. Fundarstaður hús nr. 19 á Illugastöðum. Fundinn setti og stjórnaði formaður félagsins, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

### **Orlofshús**

1. Breytingar á húsi nr. 19 á Illugastöðum. Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með vel heppnaðar breytingar, en búið er að gera innangengt milli hæða. Samþykkt að kaupa borðstofusett og tvo flatskjái, sinn á hvora hæð.

### **Styrkir**

2. Umhyggja. Samþykktur styrkur kr. 5.000,-

### **Vaxtarsamningur**

3. Samþykkt áframhaldandi aðild að vaxtarsamningi Eyjafjarðar.

### **Hugmyndir að breytingum sjúkrasjóða**

4. ÚR kynnti hugmyndir að breytingum á ytri umgjörð veikinda-, slysa- og örorkuréttar. Hlutfall örorku hefði mjög aukist og ennfremur væru sjóðir stéttarfélaganna með ólíkar úthlutunarreglur. Innihald þessara hugmynda er m.a. breyting á veikindarétti, núverandi iðgjaldi í sjúkrasjóð, iðgjaldi í lífeyrissjóð og aðild að áfallatryggingasjóði. Vísast í skjalasafn FVSA varðandi hugmyndir þessar. ES benti á að eðlilegra væri að örorkulífeyrir væri í höndum TR og ellilífeyrir greiddist úr lífeyrissjóðum. SH tók undir þetta. Stjórnarmenn munu kynna sér þessar hugmyndir vel fyrir næsta fund og fjalla þá um þær.

### **Íbúðir Reykjavík**

5. Áhugi er fyrir íbúð í Ljósheimum 6, annarri hæð en þar er til sölu þriggja herbergja íbúð. Þar eru þegar tvær íbúðir í eigu félagsins. ÚR falið að gera tilboð í eignina.

### **Skógarsel**

6. EH og SH kynntu teikningar að fyrirhugaðri byggingu í Vaglaskógi, eða þar sem Skógarsel stendur. Samþykkt að fela þeim áframhaldandi vinnu við verkefnið, svo og fá kostnaðaráætlun.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl: 20.40. Fundargerð ritaði Erla Halls.

Mættir : Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Svavar Hannesson, Friðbjörg Jóhannsdóttir, Hildur Tryggvadóttir, Elísabet Hallgrímsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Kristín Þorgilsdóttir.